

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 14/2020

2023/EES/13/14

frá 7. febrúar 2020

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2050 frá 19. desember 2018 um að samræma gildissvið og skilyrði fyrir almenn tilflutningsleyfi vegna kynningar og mats, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2051 frá 19. desember 2018 um að samræma gildissvið og skilyrði fyrir almenn tilflutningsleyfi vegna viðgerðar og viðhalds, eins og um getur í d-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2052 frá 19. desember 2018 um að samræma gildissvið og skilyrði fyrir almenn tilflutningsleyfi vegna sýningar, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 17. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2124) í XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „18. **32018 H 2050:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2050 frá 19. desember 2018 um að samræma gildissvið og skilyrði fyrir almenn tilflutningsleyfi vegna kynningar og mats, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB (Stjttíð. ESB L 327, 21.12.2018, bls. 89).
19. **32018 H 2051:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2051 frá 19. desember 2018 um að samræma gildissvið og skilyrði fyrir almenn tilflutningsleyfi vegna viðgerðar og viðhalds, eins og um getur í d-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB (Stjttíð. ESB L 327, 21.12.2018, bls. 94).
20. **32018 H 2052:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2052 frá 19. desember 2018 um að samræma gildissvið og skilyrði fyrir almenn tilflutningsleyfi vegna sýningar, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB (Stjttíð. ESB L 327, 21.12.2018, bls. 98).“

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 327, 21.12.2018, bls. 89.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 327, 21.12.2018, bls. 94.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 327, 21.12.2018, bls. 98.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla (ESB) 2018/2050, (ESB) 2018/2051 og (ESB) 2018/2052, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.